

Miðvikudaginn 17. apríl 1940.

Nr. 18/1940. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson)
gegn

Benedikt Gabriel Guðmundssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Brot gegn 7. gr. laga nr. 65 frá 1933 og 33. gr. reglugerðar nr. 123 frá 1938.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn í máli þessu er kveðinn upp af Kristni Ólafssyni, fulltrúa bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að upphæð sektarinnar verði 100 krónur, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í sóttvarnarsjóð, og komi í stað sektarinnar 7 daga einfalt fangelsi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Benedikt Gabriel Guðmundsson, greiði 100 króna sekt, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í sóttvarnarsjóð, og komi í stað sektarinnar 7 daga einfalt fangelsi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda

fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Gunnars Þorsteinssonar, 50 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögreluréttar Vestmannaeyjakaupstaðar
28. febr. 1940.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Benedikt Gabriel Guðmundssyni, skipstjóra á v/s Dóru S. U. 36, fyrir brot á sóttvarnarlögum nr. 65 frá 19. júlí 1933 og reglugerð um tollheimtu og tolleftirlit frá 25. nóv. 1938.

Málavextir eru þessir.

Að kvöldi laugardagsins 17. febrúar síðastliðinn, um kl. 6½, kom kærði á skipi sínu, v/s Dóru, frá Englandi og lagðist við hafskipabryggjuna hér, Básaskersbryggju, án þess að biða eftir sóttgæzlumanni eða tollþjónum eða gefa á nokkurn hátt til kynna komu sína.

Á bryggjunni var af tilviljun staddur hafnsögumaðurinn hér, og bað hann útgerðarmann skipsins, sem bar að i þeim svifum, að síma til tollþjónanna og láta þá vita um komu skipsins, og gerði hann það. Á meðan, þar til tollþjónarnir komu, ca. 15—20 mín. síðar, gætti hafnsögumaðurinn þess, að skipið hefði ekki samband við land, og fór aðeins einn maður yfir v/s Dóru út í bát fyrir utan til að ganga frá taug.

Kærður hefir með ofanrituðu framferði sínu gerzt brotlegur við 33. gr. reglugerðar um tollheimtu og tolleftirlit frá 25. nóv. 1938 og 7. gr. sóttgæzlulagá nr. 65 frá 17. júlí 1933.

Þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, en kærður hefir eigi áður sætt sekt né refsingu fyrir neitt lagabrot, — hæfilega ákveðin samkvæmt 93. gr. fyrrnefndrar tollreglugerðar og 27. gr. sóttgæzlulaganna 150 króna sekt, er renni að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í sóttvarnarsjóð, og komi i hennar stað 12 daga einfalt fangelsi, verði hún eigi greidd innan 7 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Benedikt Gabriel Guðmundsson, greiði 150 króna sekt að hálfu í rikissjóð og að hálfu í sóttarnarsjóð, en sæti 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin verður eigi greidd innan sjö daga frá birtingu dóms þessa.

Ennfremur greiði kærði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Dóminum (ber) að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 22. apríl 1940.

Nr. 12/1940. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Theódór B. Lindal)

gegn

Jóni Jónssyni (Jón Ásbjörnsson).

Manndráp af gáleysi.

Dómur hæstaréttar.

Með þeirri athugasemd, að telja verður ákærða bera aðalábyrgðina á slysinu, þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutnings-